

50. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

51. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Sandgerði nr. 64 21. apríl 1948 og breytingar frá 27. sept. 1954, 16. nóv. 1960 og 11. marz 1963.

Samgönguráðuneytið, 13. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

H A F N A R R E G L U G E R Ð

fyrir Suðureyrarkauptún.

I. KAFLI**TAKMÖRK HAFNARINNAR****1. gr.**

Takmörk hafnarinnar eru að utanverðu og vestan bein lína sem hugsast dregin úr Brimnestá yfir Súgandafjörð í innri Skjólkleit á Galtarhlið, en að innan og sunnan bein lína úr Stein á Steinsengi yfir fjörðinn í ytri Áreið milli Selárdals og Gilsbrekku.

2. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirmensjón samgönguráðuneytisins og ber ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs. Hún kys á fyrsta fundi sínum þriggja manna hafnarstjórn og jafnmarga til vara og skipar formann hennar og varaformann. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Kjörtímabil hafnarstjórnar skal vera sama og hreppsnefndar.

3. gr.

Hafnarstjórn hefur á hendi daglegan rekstur og framkvæmdir hafnarmála yfirleitt. Hún semur áætlanir um tekjur og gjöld hafnarsjóðs, og gerir áætlun um framkvæmdir og viðhald og leggur síðan fyrir hreppsnefnd til fullnaðarafgreiðslu.

4. gr.

Hreppsnefnd skipar hafnarstjóra, hafnarvörð eða umsjónarmann og starfsmenn eftir tillögu hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf, þar sem verksvið þeirra er ákveðið. Hafnarvörður, eða sá er sér um daglegt eftirlit með höfninni, mannvirkjum hennar, húsum og áhöldum, skal eiga sæti á fundum hafnarstjórnar og hafa málfrelsi þar og tillögurétt.

II. KAFLI UM ALMENNA REGLU

5. gr.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

6. gr.

Sérhver skipstjóri, sem á skipi sínu kemur á höfnina, að bryggju eða hafnarbakka, skal gæta fyllsta öryggis í allri umferð á höfninni. Hann skal vera kunnugur ákvæðum reglugerðar hafnarinnar. Eintak af hafnarreglugerðinni fæst afhent á skrifstofu hafnarinnar.

7. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni, svo og þeirra manna, er settir eru til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi.

8. gr.

Þeim, sem ekkert lögmaett erindi eiga, er óheimilt að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers kyns ökutækja um bryggjur og hafnarbakka.

9. gr.

Skyllt er að gæta ýtrustu varúðar um meðferð opins elds og óbyrgðra ljósa í skipum á höfninni, sem flytja eldfim efni, sem sprengihætta stafar af. Sama gildir um tóbaksreykingar og ber, ef þurfa þykir, að banna þær á þeim stöðum, þar sem um eldhættu eða sprengihættu gæti verið að ræða, sjá IV. kafla.

Notkun skotvopna er bönnuð á hafnarsvæðinu.

10. gr.

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, veiðarfærum, trossum, vírum, fiskúrgangi, dauðum fiski, matarleifum, umbúðum eða neins konar rusli. Allt slíkt skal flutt á þann stað, sem hafnarvörður vísar til.

Ekki má láta olíur eða olíumengað vatn renna í höfnina. Þegar olía er látin í skip eða losuð úr því, skal þess gætt, að ekkert af henni renni í höfnina eða á hafnarmannvirki.

III. KAFLI UM LEGU SKIPA Í HÖFNINI OG AFGREIÐSLU ÞEIRRA

11. gr.

Þegar skip leitar hafnar, skal skipstjóri eða umboðsmaður skipsins snúa sér til hafnarvarðar, sem vísar honum á legustað fyrir skipið. Leggist skipið við hafnarmannvirki, skulu landfestar bundnar þar, sem starfsmenn hafnarinnar segja til um.

12. gr.

Ef sjúkdómur er á skipinu, eða ástæða er til að ætla, að sóttætta geti stafað af því, ber hafnarverði að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

13. gr.

Skip, sem ekki er verið að ferma eða afferma, eða ekki er unnið við, mega ekki liggja þannig á höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvert þau skuli flutt. Ef ekki er orðið við boðum starfsmanna hafnarinnar í þessum efnum, er heimilt að færa skipið á kostnað eiganda.

14. gr.

Sé nauðsynlegt talið, að skipum, sem fermd eru eða affermd, sé lagt við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilfar hinna. Skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja, er einnig heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, sem nær liggja.

15. gr.

Í hverju skipi, sem ekki hefur leyfi hafnarvarðar til að liggja mannlaust á höfninni, skal jafnan vera a. m. k. einn maður, sem getur tekið við fyrirskipunum frá starfsmönnum hafnarinnar og framkvæmt þær í samræmi við það, sem reglugerð þessi býður.

16. gr.

Eigi má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Séu landfestar úr járn, skulu þær vera klæddar þar sem þær hvíla á hafnarbakkanum eða bryggjunni. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka, og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafizt þess að bætt sé úr því tafarlaust.

Skyllt er að hafa hlífar (friholt) milli skips og hafnarbakka eða bryggju, óski hafnarvörður þess.

17. gr.

Skip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af.

Ef skip veldur skemmdum á bryggjum, tækjum eða öðrum mannvirkjum, skal það að fullu bætt af viðkomandi skipi.

18. gr.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki má hleypta vatni á bryggjur eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari, né heldur kælivatni eða öðru frárennsli. Búa skal svo um með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina.

19. gr.

Ef skip lendir á grynningum og sekkur, þar sem það að áliti hafnarstjórnar tálmar greiðri notkun hafnarinnar eða umferð um hafnarsvæðið, skal fjarlægja það svo fljótt sem við verður komið. Verði dráttur á því má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er honum, ef nauðsyn krefur, heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum.

20. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarverði gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram.

Við losun og lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar milli skips og bryggju til þess að ekkert falli fyrir borð.

Sé þess eigi gætt getur hafnarvörður stöðvað verkið.

Skipstjóri skal sjá um að kjölfesta, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt þangað, sem hafnarvörður vísar til.

21. gr.

Þegar lokið er ferminu eða afferminu skal skipstjóri eða eigandi skips láta hreinsa bryggju þá, sem notuð hefur verið, sé þess talin þörf. Farist það fyrir, skal hafnarvörður láta gera það á kostnað eiganda skipsins.

22. gr.

Með leyfi hafnarstjóra má leggja skipi í lægi á hafnarsvæðinu. Skipið er á ábyrgð skipseiganda, en skal lagt undir umsjón hafnarstjóra. Hann ákveður legustaðinn, og samþykkir legufæri.

IV. KAFLI**UM FERMINU OG AFFERMINU SKIPA****23. gr.**

Skip, sem flytja eldfim efni, svo sem steinolíu, benzín, acetón, terpentínu eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dýnamít, eða þess konar efni, mega ekki fara inn í höfnina, fyrr en tilkynnt hefur verið um farm til hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra og hafnarstjóri hefur leyft afferminu, undir umsjá slökkviliðsstjóra.

24. gr.

Um útskipun á þeim efnum, sem um getur í 23. gr. gilda sömu varúðarreglur og um afferminu.

25. gr.

Áliti hafnarstjóri, að hætta geti stafað af ferminu eða afferminu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

26. gr.

Skip, sem hafa meðferðir þau eldfimu efni, sem um getur í 23. gr., skulu á daginn hafa rautt flagg á framsiglutoppi, en að nóttu rautt ljósker.

V. KAFLI**UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR****27. gr.**

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipsins, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru her-skip, skemmtiferðaskip, íslensk varðskip og vitaskip.

28. gr.**Lestagjöld.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og öll fiskiskip, stærri eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á hverja brúttórúmllest.
 - b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á hverja brúttórúmllest.
 - c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki
 - d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00.
- Gjalddagi er 1. apríl eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

29. gr.

Bryggjugjöld.

Öl skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmllestir, greiði gjald þetta eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmllest.

VI. KAFLI UM VÖRUGJÖLD

30. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum, svo og skepnum lifandi eða dauðum, sem skipað er út eða upp á hafnarsvæðinu, með þeim undantekningum er síðar getur.

31. gr.

Fyrir vörur, sem í farmskrá skips eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf t. vörugjald.

32. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- Vörur, sem lagðar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi og vörur, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi.
- Olía, kol, salt, ís, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- Bréfaþóstur og farangur ferðamanna.

33. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur hálfum eða meira, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skips við ákvörðun og útreikning vörugjalds. Skipstjóri er skyldur til að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá fyrir hendi, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt.

Þyki hafnarstjórn ástæða til, getur hún látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast, svo sem vega afla eða vörur. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu og farmskrá ber ekki greinilega með sér sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst vörugjald ber.

34. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá segir til um og greiða gjald eftir því. Leiki vafi á því í hvaða flokki skuli telja vörur, skal hafnarstjórn skera úr um það, en úrskurði hennar má áfrýja til sveitarstjórnar.

35. gr.

Vörugjaldskrá.**1. fl. Gjald kr. 70,00/tonn:**

- Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. benzín, brennsluoliur, kol, korn, salt, vikur.

- b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.
- 2. fl. Gjald kr. 150.00/tonn:**
Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.
- 3. fl. Gjald kr. 400.00/tonn:**
- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoðin, snyrtivörur.
Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veittur allt að 50% afsláttur.
- b. Vörur, sem ekki eru flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.
- 4. fl. Gjald kr. 40.00/rúmmeter:**
Timbur og annað eftir rúmmáli.
- 5. fl. Gjald 1%:**
Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélag Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjaldsins eigi sjaldnar en mánaðarlega. Lágmarksgjald af öllum flokkum er kr. 20.00.

VII. KAFLI ÝMIS GJÖLD TIL HAFNARINNAR

36. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og önnur mannvirki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

Ársleiga fyrir benzíntanka, olíutanka, dælur og leiðslur á hafnarsvæðinu, skal vera kr. 2 500.00 fyrir hvern.

Gjalddagi er 1. apríl.

37. gr.

Fyrir að leggja vörur, sem affermdar eru, á land hafnarinnar, skal greiða kr. 1.00 fyrir hvern fermetra af landi því, sem varan liggur á, fyrir hvern sólarhring, talið frá öðrum degi eftir að affermingu er lokið. Sama gjald skal greiða fyrir vörur, sem fluttar eru á land hafnarinnar og fara eiga í skip.

Fyrir uppsátur á landi hafnarinnar greiðast kr. 500.00 á ári.

38. gr.

Fyrir vatn til skipa skal greiðast:

- | | |
|---|------------------|
| a. Heimabátar og skip undir 12 lestum brúttó | kr. 500.00 á ári |
| Heimabátar 12—50 lestir brúttó | — 1 500.00 — — |
| Heimabátar 50 lestir og yfir, brúttó | — 3 000.00 — — |
| b. Öll önnur skip skulu greiða kr. 20.00 fyrir hvert tonn af vatni. | |
- Gjalddagi er 1. apríl ár hvert.

39. gr.

Aðra þjónustu, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir þau gjöld, sem hér eru að framan talin, skal greiða eftir reikningi frá hafnarstjórn.

VIII. KAFLI
ÝMIS ÁKVÆÐI

40. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Hafnarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni, sem verða kann á eignum (skipum, munum eða öðrum verðmætum), manna eða félaga, ef þeir hafa vanrækt að fara eftir fyrir-mælum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar.

41. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjórn tekur gilda.

42. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari heimilast að gefa forráða-mönnum skips má gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, né heldur umboðs-maður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfn-inni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

43. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

44. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, stað-festist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Suðureyrarkauptún nr. 74 18. maí 1948 með áorðnum breytingum.

Samgönguráðuneytið, 13. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um holræsi í Hvolsvallarkauptúni í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Þegar Hvolhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skólp frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.